

Börkur Sigurbjörnsson

Ástfanginn

örsaga



Urban Volcano

Ástfanginn


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2025
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Ástfanginn

Það er ekkert grín að vera ástfanginn. Eins og aðrir fangar er hann sviptur frelsinu og læstur inni. Ástfanginn er jafnan hugfanginn. Hann er læstur inni í sínum eigin huga. Ekkert rúm er fyrir aðrar hugsanir en þær er sem snúast um ástina því hugurinn er fullur af ástarorðum. Ástarorður eru veittar þeim sem elska heitt. Ástarorðum er nælt í barm ástfanginna þannig að nálin hitti beint í hjartastað. Hjartastaður er svosem enginn hjartans staður þeim er þar þarf að dúsa. Hans eina dúsa eru ástarorð sem hann tyggur í sífellu. Eins og aðrir fangar hef-

ur ástfanginn einungis um eina leið að velja til að öðlast frelsi á ný. Hann verður að strjúka! Strjúka blítt um vanga sinnar heittelskuðu og tjá henni ást sína.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano